

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 86/1999

frá 25. júní 1999

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/1999 frá 28. maí 1999⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998 um öryggisreglur og öryggisstaðla fyrir farþegaskip⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 56e (tilskipun ráðsins 98/41/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„56f. **398 L 0018:** Tilskipun ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998 um öryggisreglur og öryggisstaðla fyrir farþegaskip (Stjtið. EB L 144, 15.5.1998, bls. 1).“

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 144, 15.5.1998, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 98/18/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. desember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner